

1. kafli

Ég man mjög vel eftir laugardeginum 18. mars 2006. Þá kom mamma inn til mín eldsnemma að mér fannst og vakti mig. Ég var nú langt frá því að vera sátt við að vera vakin svona snemma því mig var að dreyma svo skemmtilegan draum um sveitina hjá ömmu og afa. Þau eiga heima á Norðurlandi, nánar tiltekið á sveitabæ rétt hjá Skagaströnd á bæ sem heitir Spákonufell. Mér fannst mamma líka vekja mig snemma vegna þess að klukkan var bara tíu og ég er nefnilega yfirleitt vön að sofa fram yfir hádegi um helgar.

„Æi, mamma af hverju ertu að vekja mig svona snemma og það á laugardegi?“

„Vegna þess að ég og pabbi þinn þurfum að ræða við þig um mikilvægt málefni sem getur ekki beðið fram að hádegi. Þess vegna þarf ég að biðja þig um að klæða þig snöggvast og koma inn í stofu.“ Ég er nú að eðlisfari forvitin svo að ég lét ekki biða lengi eftir mér. Aðeins fimm mínútur liðnum var ég komin inn í stofu þar sem mamma og pabbi sátu róleg og biðu eftir mér. Mamma stóð upp og gekk til mín, tók utan um mig og sagði, „Komdu Sandra mín og sestu hérna hjá okkur pabba.“ Við settumst í sófann.

„Hvað er það sem þið þurfið nauðsynlega að ræða við mig?“ spurði ég.

„Það kom dálítið upp á í gær sem við þurfum að ræða og það snertir okkur öll,“ sagði pabbi. „Taktu nú vel eftir.“ Pabbi dró djúpt andann og hélt síðan áfram. „Þú hefur kannski tekið eftir því að mamma þín hefur ekki verið mjög hraust undanfarið átt í erfiðleikum með að borða matinn og að halda honum niðri?“

„Já, hún er búin að vera með gubbupest í marga daga, en hvað með það, henni batnar bráðum, er það ekki?“ Ég leit á mömmu og pabba til skiptis og fann fyrir miklum ónotum í maganum. Sem í þoku heyrði ég pabba segja að vegna þess að mamma væri búin að vera veik svo lengi hefðu þau ákveðið að það væri tímabært fyrir hana að fara til læknis og láta athuga hvort eitthvað væri að. „Í gær fengum við svo niðurstöður úr þeim rannsóknnum sem mamma þín var búin að fara í og þær eru því miður ekki góðar.“ Mér leið eins og inn í mér væri stór blaðra sem væri búin að fylla út í magann á mér og væri um það bil að springa auk þess sem augun virtust vera á leiðinni út úr höfðinu á mér.

Ég heyrði óljóst í pabba sem var að segja mér frá því að mamma væri með krabbamein í maganum og að læknirinn vildi skera hana upp strax á

mánudagsmorguninn og þegar aðgerðin væri búin þyrfti hún að gangast undir mikla meðferð sem kölluð er geislameðferð. „Vegna alls þessa,“ sagði pabbi, „og það hvað ég hef mikið að gera í vinnunni, þá hringdum við til ömmu þinnar og afa fyrir norðan og þau ætla að leyfa þér að vera hjá sér á meðan á þessu stendur. Þú þarft að ganga í skóla á Skagaströnd á meðan þú dvelur þar.“

Í fyrstu varð ég alveg orðlaus en svo áttaði ég mig á því að þetta væri sjúkdómur sem fólk deyr stundum af og ég varð hrædd. „Er mamma bráðum að fara að deyja?“ spurði ég.

„Nei, nei, við erum alveg viss um að allt fari vel, enda sögðu lækarnir okkur að flest allir sem fengju þessa tegund af krabbameini læknuðust fullkomlega. Ástæðan fyrir því að við viljum að þú verðir hjá ömmu þinni og afa er sú að þetta tekur allt svo langan tíma.“ Mér létti mikið við þessar fréttir og var bara ánægð með það að fá að vera hjá ömmu og afa á meðan, því þar er alltaf svo gaman. „Hvenær leggjum við af stað norður spurði ég?“

„Við þurfum að fara norður strax í dag,“ sagði mamma. „Við pabbi ætlum að gista eina nótt en ég á að vera mætt á spítalann eldsnemma á mánudagsmorguninn. Ég er búin að taka saman fötin fyrir þig en þú þarft sjálf að finna skólabækurnar. Pabbi þinn fór og talaði við kennarann þinn í gær og fékk hjá honum námsbækurnar sem þú þarft nauðsynlega að hafa með þér. Kennarinn ætlaði síðan að hringja norður og ræða við þann sem kennir 6. bekk á Skagaströnd. Eitthvað sem þú manst eftir?“

Humm, ég þyrfti að hugsa mig svolítið um, „vitið þið nokkuð hvað ég verð lengi hjá ömmu og afa?“ Pabbi svaraði þessu. „Nei við gerum okkur ekki alveg grein fyrir því, en marsmánuður er rúmlega hálfnaður og mamma þín byrjar í meðferð eftir aðgerðina og sú meðferð tekur sex vikur. Viku eftir það fer mamma þín í blóðprufu sem segir okkur hvernig staðan er og þá getum við svarað þessari spurningu. Þú verður að gera ráð fyrir því að vera í skólanum á Skagaströnd alveg fram að sumarfríinu.“ Það eina sem ég gat gert var að kinka kolla til samþykkis. Ég gat nú glaðst yfir því að fá að vera hjá ömmu og afa á Skagaströnd því þar var alltaf svo gaman að vera og mér finnst tíminn líka yfirleitt vera svo fljótur að líða þar.

2. kafli

Ég, mamma og pabbi eigum heima rétt hjá miðbænum í Hafnarfirði, nánar tiltekið í götu sem heitir Lækjarkinn. Skólinn minn er kallaður Lækjarskóli og mér finnst bara gaman í honum. Í skólanum á ég margar vinkonur sem eru með mér á hverjum degi. Mig langaði ekki mikið að yfirgefa bæði vinkonur mínar og skólann í svona langan tíma en ég vildi hjálpa mömmu og pabba með því að vera dugleg og fara norður og vera hjá ömmu og afa.

Áður en við lögðum af stað spurði ég mömmu hvort ég mætti hlaupa til Helgu og Ingunnar og kveðja þær, en þær eru bestu vinkonur mínar og mamma var fljót að segja já við því. Helga og Ingunn eru ekki bara vinkonur mínar því þær eru líka bekkjarsystur mínar. Pabbi hennar Helgu kom frá Filippseyjum fyrir fimmtán árum síðan og talar þess vegna tvö tungumál, íslensku og filípísku. Helga talar líka tvö tungumál eins og pabbi hennar. Mér finnst það alveg meiri háttar, ég vildi alveg kunna að tala tvö mál eins og Helga. Í Filippseyjum er flest allt fólk frekar smávaxið og pabbi segir að það hafi eitthvað með það að gera hvað Helga er smávaxin. Við Helga erum báðar smávaxnar með brúnt hár. Ingunn er allt öðruvísi heldur en við, hún er stór, með ljóst hár og gráblá augu. Hún er alveg svakalega fljót að gera alla hluti. Mamma hennar og pabbi segja að hún sé hvatvís en ég veit ekki almennilega hvað þau meina með því, mér finnst Ingunn alveg frábær stelpa. Hún er líka svo hugmyndarík. Eitt skiptið þegar við vinkonurnar vorum að vandræðast með hvað við ættum að gera stakk Ingunn upp á því að við myndum hjóla upp í Heiðmörk, taka með okkur nesti og leika okkur þar. Þetta var sko alveg meiri háttar hugmynd. Við fórum upp í Heiðmörk og þar var mikið líf og fjör. Það er svo gaman að leika sér inni í hellum og hoppa og skoppa út um allt.

Þegar ég sagði Helgu og Ingunni að ég þyrfti að vera hjá ömmu og afa í margar vikur og mánuði vegna þess að mamma væri veik urðu þær frekar leiðar.

„Oh, Sandra, þetta verður alveg hræðilega langur tími, hvað eigum við eiginlega að gera án þín, ég veit það verður ekkert gaman eftir að þú ferð,“ sagði Ingunn kvartandi. Ég reyndi eins og ég gat að fá hana til þess að hætta þessu tuði, mér fannst nefnilega mikið erfiðara að fara þegar ég heyrði tuðið í henni.

„Þú veist alveg að þetta er ekki alveg satt, tíminn verður fljótur að líða og áður en við vitum af verð ég komin heim,“ sagði ég. „Kannski getið þið Helga komið í heimsókn til mín norður einhverja helgina,“ bætti ég við og það lifnaði yfir þeim.

„Það væri alveg frábært, heldurðu að við megum það?“ spurði Helga.

Ég sagðist vera alveg viss um að amma og afi myndu leyfa það ef mömmur þeirra og pabbar myndu líka veita sitt samþykki. Þetta fannst þeim alveg frábær hugmynd og við vorum sammála um að stefna að þessu sem fyrst. Vá, þetta var nú léttir, ég meina að þær skuli ætla að koma í heimsókn til mín norður. Mér fannst meira að segja auðveldara að kveðja þær þegar ég vissi þetta.

Þegar ég var búin að kveðja Helgu og Ingunni, búin að borða hádegismat með mömmu og pabba og setja allt út í bíl var lagt af stað norður. Mér fannst veðrið hundleiðinlegt, rigning og rok. Mamma sagði að það væri nú ekki skrítið þar sem það væri nú bara vetur ennþá. Mér fannst við aldrei ætla að komast á leiðarenda en svo sá ég Spákonufellið, fjallið sem stendur fyrir ofan bæ ömmu og afa. Mér finnst það vera fallegasta fjall á landinu. Á toppnum á því er klettabelti sem kallað er Borgarhaus en sumir kalla það bara Borg og svo eru líka á því tveir spenar sem eru kallaðir Litli-Speni og Stóri-Speni. Mér finnst alltaf svo gaman að sjá fjallið úr fjarlægð því þá getur maður sé andlit úr klettabeltinu og margir telja að þetta andlit sé af konu sem átti heima á bæ fyrir neðan fjallið, en samt ekki sama bænum og amma og afi búa á. Er talið að þessi kona hafi lifað á 10. öld og hafi heitið Þórdís. Hún var reyndar kölluð Þórdís spákona vegna þess að hún var sögð göldrótt. Um leið og ég sá fjallið fann ég fyrir spennu vegna þess að þá vissi ég að við vorum alveg að koma til ömmu og afa.

Eins og alltaf tóku amma og afi fagnandi á móti okkur, föðmuðu okkur og kysstu og eftir það buðu okkur svo inn í bæinn en þar beið eftir okkur eldhúsbordið fullhlaðið af kræsingum, þá meina ég kökur og þess háttar. Eins og alltaf þegar fullorðið fólk kemur saman þá var farið að tala um alls konar hluti, allt frá pólitík og veðri að öllum vandamálunum í heiminum. Þegar þau fóru að tala saman um veikindi mömmu og hvernig þetta yrði allt saman var ég næstum farin að gráta. Amma sagði að við yrðum bara að biðja góðan Guð um að vera með okkur í þessu öllu. Það sem mér fannst þó standa upp úr var að amma og afi sögðu mömmu að hún ætti bara að koma norður eftir meðferðina til þess að hvíla sig og ná sér almennilega. Þetta leist öllum vel á og vona ég innilega að af því veðri. Það sem eftir lifði af laugardeginum var ég bara í rólegheitunum með mömmu, pabba, ömmu og afa að horfa á sjónvarpið. Skemmtilegast í sjónvarpinu var held ég Spaugstofan. Það er svo frábært að sjá hvað þeim Spaugstofumönnum dettur margt sniðugt í hug í hverri viku.

Eftir matinn á sunnudeginum urðu mamma og pabbi að leggja af stað aftur suður og mér fannst ótrúlega erfitt að kveðja þau. Mig langaði mest til að gráta en maður verður bara stundum að harka af sér. Ég vissi líka að til þess að hjálpa þeim í þessum veikindum þá þyrfti ég að vera sterk og gráta ekki. Ég vissi að það yrði ekkert auðvelt fyrir þau að fara heim ef ég væri grátandi svo ég beit á jaxlinn. Mér fannst líka gott að vita að mamma og pabbi ætluðu að stefna að því að koma norður um páskana ef mamma yrði nógu hress og þá hafði ég jú eitthvað til að hlakka til. Svo voru líka bara þrjár vikur til páska. Það er aldrei að vita hvað getur gerst á þeim tíma, það verður bara spennandi að sjá það. Svo verður örugglega líka skemmtilegt að fá að kynnast fullt af nýjum krökkum, já og fara í nýjan skóla.

3. kafli.

Svo kom mánudagurinn og þá var komið að fyrsta skóladeginum mínum í nýja skólanum á Skagaströnd. Ég hafði heyrt að skólinn væri kallaður Höfðaskóli og að umsjónarkennari 6. bekkjar væri ung kona sem hét Anna María. Ég get nú ekki sagt að ég hafi hlakkað eitthvað sérstaklega til. Ég fann meira að segja aftur fyrir ónotunum í maganum eins og þegar mamma og pabbi sögðu mér af veikindum hennar mömmu. Sem betur fer kom amma með mér í skólann. Fyrst fórum við að tala við skólastjórann mér fannst svolítið merkilegt að hann reyndist vera kona. „Hvernig ætli það sé, hugsaði ég, ætli allir kennararnir hérna séu konur eða hvað?“ Ég var rétt nýbúin að velta þessari spurningu fyrir mér þegar við amma mættum ungum manni. Þar fékk ég svarið við vangaveltum mínum, það voru sem sagt líka karlmenn að kenna við skólann. Þegar við voru búnar að spjalla dálítið við skólastjórann, kvaddi amma okkur og síðan löbбуðum við, ég og skólastjórinn sem heitir Hanna, saman í skólastofuna mína. Þegar við komum að skólastofunni bankaði skólastjórinn á dyrnar og síðan gengum við inn.

„Góðan daginn krakkar,“ sagði Hanna. „hérna með mér er nýr nemandi sem kemur frá Hafnarfirði og ætlar að fá að vera með okkur það sem eftir er af skólaárinu. Við skulum taka vel á móti henni, já og meðan ég man hún heitir Sandra. Hún dvelur hjá ömmu sinni og afa en þau búa á bænum Spákonufelli.“ Með þessar upplýsingar kvaddi hún og fór að gera eitthvað annað. Nýi kennarinn minn fann fyrir mig laust sæti við hliðina á einni stelpunni og ég settist þar.

Stelpan sem sat við hliðina á mér í tímum var bara fín. Hún tók mig alveg að sér og kynnti mig fyrir mörgum öðrum krökkum í skólanum, eða samt aðallega þeim krökkum sem hún umgekkst sem mest en það voru nú raunar flestar stelpurnar í 6. og 7. bekk. Þennan fyrsta skóladag minn í Höfðaskóla komst ég til dæmis að því að það var bara einn bekkur í öllum árgöngum skólans frá 1.-10. bekk en í Lækjarskóla eru yfirleitt í kringum 3-4 bekkir í hverjum árgangi svo það var töluverður munur á fjölda nemenda í þessum skólum enda voru nemendurnir í kringum 450 í Lækjarskóla en aðeins rétt um 100 í Höfðaskóla.

Stelpan sem ég sat við hliðina á í tímum hét Olga. Olga var með stutt skollitað hár með græn augu og ljósa húð. Olga var ekki orðin 11 ára vegna þess að hún átti ekki afmæli fyrr en í desember svo reyndar má segja að hún sé bara rétt nýorðin 10 ára.

Ég og Olga urðum strax góðar vinkonur og ákváðum að leika saman þegar skólinn væri búinn. Þar sem Olga þurfti að mæta í frjálsar íþóttir og fótboltaæfingu ákváðum við að ég myndi biðja ömmu um leyfi til þess að leika við Olgu heima hjá henni eftir skólann. Það var ekkert nema sjálfsagt. Ég ákvað reyndar að fara með Olgu í íþróttirnar og prófa hvernig mér myndi líka við þær, hver veit nema að ég yrði frábær í íþróttum en íþróttir var eitthvað sem ég hafði aldrei prófað áður. Ég hlakkaði meira að segja svolítið til að prófa þær og vonað að skóladagurinn yrði fljótur að líða svo ég kæmist sem fyrst í íþróttirnar og að leika mér við Olgu.

4. kafli.

Þegar við Olga vorum komnar heim til hennar urðum við svolítið vandræðalegar í fyrstu og vissum ekki alveg hvað við ættum að gera en í sameiningu ákváðum við að fara heim til vina hennar, þeirra Heimis og Ástu. Heimir og Ásta eru bæði í 7. bekk og eru búin að vera vinir frá því að þau voru í leikskólanum. Heimir er frekar stór miðað við hvað hann var gamall hann elskar að vera í fótbolta og fara á hestbak. Ólíkt Heimi er Ásta frekar lítil, miðað við aldur, dökkhærð með liðað hár.

„Hei, hvað eigum við að gera, kannski að fara í fótbolta?“ spurði Heimir

„Nei, ekki strax, kannski á eftir,“ svaraði Olga.

„Hvernig væri að við myndum fara út í göngutúr og sýna Söndru pleisið, ég meina staðinn, maður á víst að tala gott mál eða það segir Magnús kennari alltaf.“ Þessi orð komu frá Ástu. Okkur leist vel á þessa hugmynd, enda mjög gott veður úti svo við klæddum okkur og fórum út. Áður en við vissum af vorum við komin að stórum grasbletti sem merktur var sem tjaldstæði. Þar voru leiktæki sem við lékum okkur í dagóða stund. Á tjaldstæðinu var nýlegur kofi, þó nokkuð stór og ég tók eftir því að þar var aðstaða fyrir þá sem koma og dvelja á tjaldstæðinu á sumrin. Kringum kofann var búið að gróðursetja trjárinna og nokkra metra frá kofanum var hóll. Þarna var ekki bara einn hóll heldur nokkrir hólar sem mynduðu nokkurs konar sveig um túnin. Við fórum upp á hólinn sem var fyrir aftan tjaldstæðið en þessi tiltekni hóll var kallaður Hólaberg, sögðu krakkarnir mér. Mér finnst reyndar allir þessir hólar vera svipaðir útlits með litlu klettabergi efst og grasbala í kring.

„Þegar þessi hóll er þakinn snjó,“ sagði Olga, og benti á Hólabergshólinn, „þá fara margir krakkar hingað og renna sér.“

„Vá, alveg væri ég sko tilbúin að renna mér hérna, það er örugglega meiri háttar gaman, er það ekki?“ Ég leit spyrjandi augum á krakkana til skiptis. Öll kinkuðu þau kalli til samþykkis.

„Svo eru reglurnar þannig,“ bætti Olga við „að á sumrin, þegar hann er þakinn grasi, þá má ekki slá það, meira að segja er það þannig með alla hólana sem þú sérð hérna í kring.“

„Hvers vegna eru þeir ekki slegnir á sumrin?“ spurði ég.

„Vegna þess að fólk trúir því að í hólunum búi álfar og að það geti eitthvað slæmt gerst ef að þeir verða slegnir,“ svaraði Olga „fólk vill ekki hætta á neitt svo þess vegna er því sleppt.“

„Vá, þetta er nú svolítið skrítið, finnst ykkur það ekki?“ Ég leit á þau til skiptis. Nei, það fannst þeim ekki vera neitt skrítið. Þau sögðu mér frá því að fyrir mörgum árum gerðist eitthvað sem þau mundu ekki alveg hvað var en það varð til þess að fólk þorði ekki að slá þessa hóla. Mér fannst þetta ótrúleg saga og vildi ólm fá að vita meira en það var sama hversu mikið krakkarnir hugsuðu, þau gátu ómögulega munað hvað það var.

Þegar við vorum búin að tala saman um álfana í hólunum í dágóðan tíma varð Heimi litið á úrið sitt og sá þá að klukkan var langt gengin í fjögur og þar sem við vorum öll að fara á íþróttæfingum drifum við okkur af stað svo við yrðum ekki of sein í íþróttahúsið. Eftir íþróttirnar hringdi ég í ömmu og bað hana um að sækja mig í íþróttahúsið sem henni fannst alveg sjálfsagt mál.

Við kvöldmatarborðið hjá ömmu og afa spjölluðum við saman um hvernig dagurinn hefði gengið fyrir sig. Það var margt sem ég þurfti að segja þeim frá og eitt af því var það sem Olga sagði mér um hólana og að það mætti ekki slá grasið á þeim. Afi spurði mig hvort ég vissi hvers vegna það væri en ég varð að játa að það vissi ég ekki, en afi, hann vissi svo sannarlega allt um hólana.

„Þegar Skagaströnd var í sem mestri uppbyggingu á árunum 1940-1945 var verið að byggja hér upp síldarverksmiðju. Þá var byggður upp hafnargarður og til þeirra framkvæmda þurfti að sprengja úr hamrabelti sem þeir sóttu úr Höfðanum, sem heitir raunar Spákonufellshöfði.“ „Sagan segir,“ hélt afi áfram „að eina nóttina hafi einn heimamanninn dreymt draum, þar sem kona kom til hans og sagði við hann að mennirnir væru að skemma álfabyggð sem væri þarna í berginu og vegna þessa þá myndu næstu tuttugu árin verða heimamönnum erfið.“ „Sumir telja,“ sagði afi, „að það sé ástæðan fyrir því að síldin hvarf úr flóanum og það var ekki fyrr en undir 1970 að atvinnulífið hérna á staðum fór að batna. Ég ætla ekki að fullyrða að ástæðan með álfabyggðina og það allt sé satt, kannski hefur þetta bara hist svona á, ég veit bara að þetta er ástæðan fyrir því að hólarnir sem þú nefndir áðan eru ekki slegnir,“ sagði afi.

„Vá, þetta er alveg mergjuð saga.“ tautaði ég fyrir munni mér og nikkaði höfðinu um leið. Eftir kvöldmatinn fór ég og kláraði heimavinnuna mína. Þegar það var búið fór ég að sofa því það var langur dagur framundan. Mikið að gera í skólanum og líka í íþróttunum því við vorum bráðum að fara að keppa í frjálsum íþróttum við aðra

skóla hérna í kring. Keppnin átti að vera á Sauðárkróki eftir hálfan mánuð svo það var kannski ekki seinna vænna að fara að æfa sig eitthvað.

5. kafli.

Næstu dagar voru fljótir að liða enda vorum við fjórmenningsarnir, það er Ásta, Heimir, Olga og ég, alltaf að gera eitthvað skemmtilegt saman. Ég komst að því að það var mjög gaman að æfa íþróttir svo ég lét skrá mig í Ungmannafélagi Fram eftir að hafa fengið leyfi hjá mömmu og pabba.

Páskarnir voru á næsta leyti og ég var orðin mjög spennt vegna þess að mamma og pabbi ætluðu að koma ef allt yrði í lagi hjá mömmu. Vinkonur mínar fyrir sunnan, þær Helga og Ingunn, voru líka búnar að fá leyfi hjá foreldrum sínum til þess að vera hjá mér í viku fyrir páska og síðan ætluðu mamma og pabbi að koma á miðvikudagskvöldinu. Ég taldi dagana en var um leið á fullu að leggja á ráðin um hvað við vinkonurnar ættum að gera þann tíma sem við yrðum saman. Í dag má ég þó ekkert vera að því að hugsa um það því ég er að fara á Sauðárkrók til þess að keppa í frjálsum íþróttum. Ég er búin að skrá mig í boðhlaup, 100 metra hlaup, 60 metra hlaup og langstökk en þetta voru þær greinar sem mér gekk best í á æfingum. Ég var bæði kvíðin og spennt fyrir íþróttamótinu enda hafði ég aldrei tekið þátt í svona keppni áður. Það var nú samt bót í máli að vinir mínir voru allir að keppa líka svo að ég þekkti þá að minnsta kosti einhverja. Við fórum með rútu frá Skagaströnd og það voru allir mjög spenntir en samt gladdir á leiðinni. Á leiðinni vorum við að ræða það okkar á milli hvernig mótið myndi verða og hvort við værum eins góð og allir hinir sem væru að keppa. Við vorum öll meira eða minna að velta þessum spurningum fyrir okkur á leiðinni en jafnframt vissum við að aðalatriðið var jú að vera með í keppninni og reyna að bæta okkar eigin met.

„Vá, það er sko fullt af öðrum krökkum hérna,“ hugsaði ég þegar við vorum komin á Sauðárkrók. Þarna voru krakkar frá Hofsósi, Blönduósi, Húnavöllum, Varmahlíð og svo líka frá Sauðárkróki og ég heyrði einhvern segja að þetta væru eitthvað í kringum fimmtíu krakkar, með okkur frá Skagaströnd meðtöldum.

Mér fannst íþróttamótið mjög spennandi og keppnin var hörð. Við sem komum frá Skagaströnd vorum öll búin að tala um að við ætluðum að vinna svo við lögðum allt í keppnina. Þjálfarinn hvatti okkur til þess að hugsa aðallega um að slá okkar eigin met. Það fannst mér mjög gott að gera og ég fann að það hjálpaði mér til þess að slaka á þegar ég var að keppa. Síðasta greinin sem ég tók þátt í boðhlaup í liði voru þrjár aðrar stelpur með mé úr Höfðaskóla þær Olga, Ásta og ein önnur stelpa úr sjöunda bekk.

Þetta var sko hörkuspennandi keppni. Í fyrstu voru allir skólarnir fimm sem tóku þátt hnífjafnir. Það var ekki fyrr en þriðji hlauparinn tók við keflinu að Höfðaskóli og Árskóli á Sauðárkróki tóku forystuna. Það var mjög tvísýnt hvort Árskóli eða Höfðaskóli myndi vinna en úrslitin urðu svo þau að Höfðaskóli varð í fyrsta sæti, Árskóli í öðru sæti, Hofsó og Blönduósskólarnir deildu þriðja sætinu þar sem þeir voru hnífjafnir. Í fjórða sæti varð Grunnskólinn í Varmahlíð og Grunnskólinn á Húnavöllum rak svo lestina.

Við vorum öll mjög kát þegar við lögðum af stað heim á leið. Reyndar var stoppað á Kaffi Krók þar sem beið okkar þetta líka frábæra pitsuhlaðborð við létum nú ekki bjóða okkur það tvisvar. Þið getið rétt ímyndað ykkur tuttugu svanga og þreytta krakka koma saman og borða pitsu. Við vorum svo ánægð með mótið að við vorum öll ákveðin að vera með á næsta móti sem halda átti í júní.

Skemmtilegasti tíminn minn hjá ömmu og afa var samt páskafríð. Kannski ekkert skrítið þar sem Helga og Ingunn komu til mín frá Hafnarfirði og dvöldu hjá mér í nokkra daga. Við gerðum marga hluti saman eins og að fara á skíði í Tindastól en það heitir skíðasvæði sem er rétt hjá Sauðárkróki, við fórum líka í sund og fleira.

Á miðvikudeginum fyrir skírdag komu mamma og pabbi og þá var sko gaman hjá mér þó Helga og Ingunn væru ekki farnar þar sem þær ætluðu að vera fram á laugardag. Mamma var það hress að það var ákveðið að við myndum öll fara daginn eftir í Skagafjörðinn og skoða gamlan torfbæ sem heitir Glaumbær.

Þegar við skoðuðum Glaumbæ komst ég að því að vitað er um manneskjur sem bjuggu í honum á 11. öld, en það eru þó ekki sömu húsin sem eru uppstandandi í dag. Þau hús sem eru til sýnis í Glaumbæ í dag voru byggð á 18. og 19. öld. Þau eru öll þiljuð með innfluttu timbri, veggirnir eru aðskildir og einangraðir úr torfi og þakin grasþökum. Grasið á Íslandi er þykkvaxið og með sterkar og miklar rætur, þannig að torfið og þökurnar eru sérstaklega sterkar og endingargóðar. Ég komst líka að því að vegna þess hvað erfitt var að byggja stór hús úr torfi, grjóti og mold voru byggð mörg minni hús sem síðan voru sett saman með göngum. Þannig var það með Glaumbæ en hann er byggður úr níu minni húsum sem síðan voru sett saman. Í dag er þarna byggðasafn og þar má sjá hvernig búið var á stórbýlum á Íslandi í gegnum aldirnar.

6. kafli.

Eftir páskana þegar mamma, pabbi, Helga og Ingunn voru farin suður fór lífið aftur að ganga sinn vanagang. Skólinn byrjaði með öllu sínu tilheyrandi, íþróttirnar líka og allt sem þeim fylgdi.

Ég var orðin mjög óþreyjufull að fá að vita eitthvað um veikindi mömmu en það eina sem hún vissi var að aðgerðin á maganum gekk mjög vel og lækarnir töldu sig hafa náð öllu æxlinu. Síðan að mamma fór í aðgerðina hefur hún þurft að vera í geislameðferð sem á að hindra að krabbameinsfrumur geti fjölgað sér, hafi einhverjar orðið eftir. Í lok apríl, byrjun maí áttu svo að koma frekari fréttir um batahorfur. Mér fannst mjög erfitt að þurfa að bíða svona lengi en svona er bara lífið og sem betur fer hafði ég nóg að gera.

Einn daginn þegar ég var í skólanum var bekkurinn minn í samfélagsfræðitíma. Þá sagði Birkir samfélagsfræðikennari allt í einu:

„Veðrið er svo gott í dag og þess vegna ætlum við að breyta til og hafa tímann úti. Við ætlum að fara og skoða Höfðann.“

Allur bekkurinn lagði af stað og eftir um tíu mínútna gang vorum við komin að Höfðanum. Þegar við komum þangað voru nokkrir í bekknum að velta fyrir sér hvernig þessi Höfði, sem heitir reyndar Spákonufellshöfði, hefði orðið til? Við skoðuðum Höfðann, vel og vandlega. Í dag er Höfðinn grasi vaxinn og í laginu eins og stórt L. Afí sagði mér einu sinni frá því að þegar horft er á Höfðann frá landi er hann mun lægri öðru megin heldur en hinum megin. Öðrum megin á Höfðanum er svolítið kjarr en hinn helmingurinn myndar kletthöfða sem er úr grófu, stórstuðluðu stuðlabergi.

Það komu fram margar hugmyndir hjá krökkunum varðandi það hvernig Höfðinn hefði myndast. Ein hugmyndin var á þá leið að risi hefði kastað tveimur steinum upp að landi sem breyttust svo í þennan Höfða. Önnur hugmynd var þannig að Höfðinn hefði myndast í eldgosí. Ein strákurinn í bekknum bjó líka til sögu um hvernig Höfðinn myndaðist. „Það var eitt tröll og stórt langt skrímli á gangi saman. Þau voru búin að ganga lengi, lengi svo þau þurftu að hvíla sig. Þau lögðust niður þar sem Höfðinn er en sofnuðu óvart, þau vöknudu ekki aftur vegna þess að sólin kom upp og þá breyttust þau í steina.“ Birkir kennari var ánægður með þetta framlag: „Þetta var mikil og skemmtileg saga en því miður er hún bara saga.“ Síðan hélt hann áfram: „Eins og þið mörg vitið, þá er Spákonufellið óvirkt eldfjall. Gömul rit segja að á sínum tíma

þegar fjallið gaus, hafi orðið mikill landsskjálfti og hvellur. Upp úr fjallinu átti að hafa komið nokkurs konar gostappi sem lenti svo þar sem Höfðinn er í dag en Höfðinn er orðinn mjög sjóbarinn í dag. Sem sagt, krakkar mínir, þá hefur Höfðinn myndast út af gostappa úr eldgosinu í Spákonufellinu“ sagði Birkir að lokum og hvatti okkur svo öll til þess að halda áfram göngunni upp á Höfðann.

Við voru rétt komin upp á Höfðann þegar Birkir stoppaði aftur við steinsteyptann grunn og spurði okkur hvort við vissum hvers vegna þessi steypiti grunnur væri þarna. „Halðið þið að það hafi verið íbúðarhús hérna?“ spurði Birkir.

Við ypptum bara öxlum og vissum bara alls ekkert um það. Þá sagði Birkir: „Þar sem við stöndum núna er allra syðst á Höfðanum og það er kallað Höfðatá. Hérna voru fyrr á tímum tvær fallbyssur, öðru nafni Kanónur og á hverju sumri var skotið úr þeim þegar kaupskipið kom frá Danmörku. Þannig vissu allir að það væri að koma skip en þið vitið líklega að á þessum tíma var ekki kominn nein bryggja?“ „Ha“, sögðum við „hvar í ósköpunum komust þá skipin að?“ Þá sagði Birkir okkur að norðar á Höfðanum væri vík sem væri kölluð Vækilsvík og segja gömul rit að þar hafi skipin lagt að. Síðan lagði hann til að við færum og skoðuðum vikina og gekk hann af stað. Við fylgdum öll á eftir, eins og gæsamamma með ungana sína. Á miðri leið stoppaði ein stelpan í bekknum og benti á stein utan á klettaberginu sem snýr að sjónum: „Heyrðu Birkir, þessi steinn þarna,“ sagði hún um leið og hún benti á steininn „var ekki einhvern tímann talað um að þessi steinn væri eitthvað sérstakur?“ Birkir leit þangað sem stelpan benti. „Jú, alveg rétt hjá þér. Þessi steinn í klettabríkinni leit einu sinni út eins og kona sem sat með bók eða prjóna í kjöltu sér og horfði út á sjóinn. Sögur segja að þetta hafi verið tröllamey sem beið eftir unnusta sínum sem hafði róið til fiskjar. Unnustinn kom aldrei heim aftur og hún varð að steini vegna þess að sólin kom upp á meðan hún beið. Því miður sést ekki mikið af þessum steini í dag en við getum skoðað myndir af honum þegar við komum aftur í skólann. Nú skulum við koma og sjá vikina þar sem talið er að skipin hafi lagt að á árunum áður.“ bætti hann við. Það verður nú að segjast eins og er að það voru ekki margir sem höfðu áhuga fyrir því að sjá þessa vík en samt löbbaðum við þangað þó ég sé eiginlega viss um að flestir ef ekki allir hafi verið eitthvað annars hugar.

Á leiðinni til baka vorum við samt öll sammála um það að ferðin hefði verið mjög fræðandi og skemmtileg.

7. kafli.

Þegar afi er ekki að sinna kindunum í fjárhúsunum vinnur hann við uppskipun á bryggjunni en sú vinna byggist á því að færa fiskinn úr skipunum og inn í frystihúsið. Dag einn eftir hádegismat gleymdi afi að taka nestið með sér í vinnuna, en það þarf hann alltaf að hafa vegna þess að hann fær ekkert að borða í vinnunni. Amma bað mig því um að fara með nestið til hans og það gerði ég með glöðu geði. Þegar ég kom niður á bryggju var afi í pásu svo við settumst niður og spjölluðum svolítið saman. Mér finnst alltaf gaman að tala við afa, hann veit svo mikið. Afí var að tala um eitthvað sem ég man ekki hvað var þegar ég tók eftir því að það voru tvær bryggjur rétt hjá hvor annarri, samt var ekki svo stutt á milli þeirra að bátarnir gætu ekki siglt þar. Ég spurði afa hvers vegna þetta væri svona og hann var fljótur að svara mér:

„Þegar ég var lítill gutti þá var Skagaströnd frekar lítill bær, tæplega tvö hundruð manns. Í mörg ár, eða allt frá aldamótunum 1900, var verið að tala um að eitthvað þyrfti að fara að gera í þessum bryggjumálum því það væri svo erfitt fyrir stór kaupskip að koma hérna að. Það var ekki fyrr en vorið 1934 að farið var í fyrsta áfanga hafnargerðarinnar. Í þessum áfanga var ákveðið að búa til grjótgarð út í Spákonufellseyju en það var eyja sem stóð lengi ein og sér hérna rétt við landið sunnan við Höfðann. Það var ákveðið að sprengja eyjuna niður, gera uppfyllingu með steinum og mól og búa þannig til bryggju. Eftir uppfyllinguna var búinn til varnargarður sem náði 170 metra fram af eyjunni í suð-austur. Þú veist það líklega Sandra mín, að á þessum tíma voru ekki til neinar vinnuvélar þannig að þeir sem unnu við þetta þurftu að handbora klöppina, sprengja grjótið með gamaldags sprengiefni og svo þurftu menn að burðast með steinanna langa leið að bílunum. Allt varð þetta til að gera verkið erfiðara og varð líka til þess að það tók lengri tíma heldur en það myndi taka í dag. Grjótið í garðinn var mest allt sprengt úr Höfðanum en það var þá sem gamla manninn dreymdi drauminn sem ég hef sagt þér frá áður. Þessu verki lauk í október 1934. Þá var síldarútgerð í örum vexti og Húnaflói var eitt aðalveiðisvæðið. Það þyrfti því að gera meira. Sama ár og ég fæddist eða 1935 var ákveðið að fara í meiri framkvæmdir og var þá byggð skemma á nýju bryggjunni þar sem síldarsöltunin var hafin.“ Mér fannst nú sagan hjá afa vera orðin frekar langdregin svo ég greip fram í fyrir honum.

„En afí, þú ert ekki ennþá búinn að segja mér hvers vegna bryggjurnar eru svona margar hérna.“

„Já, Sandra mín, ég er nú ekki alveg búinn, vertu þolinmóð og leyfðu mér að klára söguna. Hm, hvar var ég aftur? Já, alveg rétt. Þegar verið var að byggja og undirbúa fyrir síldina, þá var sko líf og fjör í bænum. Hann fylltist af fólki, það voru tjöld út um allt vegna þess að það vantaði fleiri menn í vinnu og ekki var til nóg af húsum. Á þessum tíma fjölgaði fólkinu um helming. Á meðan síldin var söltuð var unnið úti á bryggjunni og fylltist hún þá af fólki, tunnum og bátum. Það var eins og nokkurs konar ævintýraljómi yfir hlutunum. Það var sungið og kallað og mikil gleði yfir fólki. Eflaust hefur það haft eitthvað að segja að fólk sá fyrir sér bjartari framtíð með meiri peninga á milli handanna heldur en hafði verið áður fyrr eða kannski finnst mér það bara vera þannig í dag vegna þess að síldin tók þá ákvörðun að leita á önnur mið en okkar og það varð til þess að hætt var að veiða hana hér kringum 1962.“

Enn greip ég fram í söguna hjá afa „En afi af hverju eru hérna tvær bryggjur?“

„Æi, já,“ sagði afi „ég var alveg búinn að gleyma því um bryggjurnar. Eins og þú sérð liggja tvær bryggjur út frá elstu og stærstu bryggjunni en svo er önnur bryggja þarna austar,“ segir afi og bendir í austurátt. „Hún er svona meiri smábátabryggja. Ástæðan fyrir því að tvær langar bryggjur hafa verið byggðar er nú ósköp einföld. Fyrsta steinsteypta bryggjan var byggð aðallega fyrir stór skip og til þess að hægt væri að salta síldina á sínum tíma en það þurfti að vera þó nokkuð pláss í kringum það. Seinni bryggjan var svo byggð fyrir smábátana og varnargarður meðfram henni. Varnargarður var hlaðinn við báðar bryggjurnar til þess að bátar og skip eigi auðveldara með að leggja að í hvaða veðri sem er. Allar þessar bryggjur gera það að verkum að auðvela alla vinnu við bryggjuna og löndun úr bátum og skipum.“

„Vá, afi, þetta var sko löng saga og ég verð að fara að koma mér í íþróttirnar.“
Með það var ég svo þotin.

8. kafli.

Í byrjun maí komu loks góðu fréttirnar. Mamma var búin að fá niðurstöður úr krabbameinsrannsókninni og hún var jákvæð. Ég áttaði mig ekki alveg á því hvað þessar fréttir þýddu en það var talað um að rannsóknin væri jákvæð. Ég hélt að það þýddi að krabbameinið væri ennþá til staðar en af því að ég var ekki alveg örugg þá ákvað ég bara að spyrja ömmu. „Nei, nei, Sandra mín þú ert að misskilja þetta. Þegar talað er um að rannsókn á krabbameini sé jákvæð er átt við að útkoman sé góð, það er að segja að tekist hafi að eyða krabbameininu. Þannig að Sandra mín, þú getur verið glöð vegna þess að það fundust engar krabbameinsfrumur í maganum á henni mömmu þinni en hún verður samt að fara af og til í eftirlit hjá læknum.“

Svakalega létti mér við þessar fréttir. Sama daginn í skólanum fékk ég blað með mér heim þar sem stóð að alla næstu viku væri þemavika í skólanum. Samkvæmt því sem kom fram á blaðinu áttu allir nemendur í 1.-7. bekk að vinna að upplýsingum um heimabyggðina sína og næsta nágrenni. Nemendur 5.-7. bekkjar áttu að afla sér upplýsingar um eyðibygð sem er rúmlega 20 kílómetra í norður frá Skagaströnd og heitir Kálfshamarsvík og krakkarnir í 1.-4. bekk áttu svo að afla sér upplýsinga um sjálfa Skagaströnd.

Á föstudeginum fræddi Anna María kennari okkur svólítið um Kálfshamarsvík og uppbygginguna sem þar var. Um aldamótin nítjánhundrað og fram á tuttugustu öldina var þar rekin nokkurs konar útgerð. Á þeim tíma reis þar lítið sjávarþorp. Þegar flestir bjuggu þar var fjöldinn um hundrað manns en eftir 1930 tók byggðin að dragast saman og allir voru fluttir þaðan um 1940. Eftir helgina áttum við síðan öll að fá að fara til Kálfshamarsvíkur og skoða aðstæður þar, rústir, grunna og fleira.

Klukkan 8:00 á mánudeginum var lagt af stað til Kálfshamarsvíkur. Það voru allir hressir og kátir enda frábært veður, sól og svo til alveg logn. Þegar við komum á staðinn byrjuðu kennararnir að sýna okkur krökkunum upplýsingaskilti þar sem hægt var að sjá hvernig þorpið var upp byggt og hvað hvert hús hét og til hvers það var notað. Á þessu skilti sást að þarna hafði verið skólahús, samkomuhús, frystihús, verbúð auk nokkurra íbúðarhúsa.

„Verbúð hvað ætli það sé?“ hugsaði ég og síðan varpaði ég þessari spurningu til Önnu Maríu.

„Verbúð var hugsuð fyrir þá einstaklinga sem komu að frá öðrum landshlutum og unnu við fiskinn, annað hvort á sjónum eða í frystihúsinu. Þessir einstaklingar fengu leigð herbergi í verbúðunum og það var þeirra heimili á meðan þeir unnu á þessum stöðum,“ svaraði Anna María. Já, það var nefnilega það. Allt er nú til.

Þegar við vorum búin að vera í Kálfshamarsvík í dágóða stund, hlaupandi á milli grunna og rústa til þess að skoða og lesa upplýsingar sem voru letraðar á steina, hrópaði einn strákurinn í hópnum upp: „Nei, vá, komið og sjáið hvað stendur hérna á þessum steini.“ Allir ruku til og hlupu til hans vegna þess að við vildum öll vera fyrst til þess að sjá steininn. Það kom svo í ljós að textinn á steininum sagði frá því að húsið sem þarna stóð var eitt af íbúðarhúsunum en það var tekið á sínum tíma og flutt til Skagastrandar.

„Sjáið þið, það er sagt að þetta hús heiti Iðavellir en það er einmitt sama nafn og húsið sem Sigga hárgreiðslukona er með hárgreiðslustofuna sína.“

„Vá, sögðu nokkrir krakkar, er hægt að flytja hús í heilu lagi á einhvern annan stað?“ Við ræddum um þetta fram og aftur, hvað það væri mikið verk að flytja heilt hús á milli staða.

Seinna um morguninn settumst við öll niður við kofa sem var þarna og fengum okkur nesti. Við höfðum um margt að tala. „Hvernig ætli skólinn hafi litið út, hvað ætli það hafi verið margir krakkar í þessum skóla, hvað ætli það hafi verið margir bátar sem sigldu frá Kálfshamarsvík, hvernig ætli fólk hafi skemmt sér á þessum tíma?“ Okkur krökkunum fannst líka gaman að sjá stuðlabergið sunnan við vitann sem var þarna. Okkur fannst þetta stuðlaberg líta út alveg eins hryggjarsúla á einhverju stóru dýri, sumir voru alveg vissir um að það væri risaeðla.

Ferðin í Kálfshamarsvík var æðislega skemmtileg og við vorum öll svo glöð þegar við lögðum aftur af stað til Skagastrandar en þá var klukkan eitthvað að ganga tólf. Eftir hádegi áttum við að vinna meira með þessa ferð og eitt af því sem við vorum búin að ákveða að gera var að búa til líkan af þorpinu eins og við töldum að það hefði litið út á sínum tíma.

9. kafli.

Enn á ný var kominn nýr mánuður og skólinn kominn í sumarfrí. Mér fannst búið að vera gaman í skólanum og ég vissi að ég ætti eftir að sakna krakkanna þegar ég væri kominn aftur til Hafnarfjarðar. Mamma var búin að vera hjá okkur ömmu og afa í tæpan mánuð og var orðin mun hressari heldur en þegar hún kom norður. Mér fannst svolítið erfitt að hugsa til þess þegar ég færi til Hafnarfjarðar. Ég bæði hlakkaði til og kveið fyrir að fara suður. Tilhlökkunin var aðallega vegna þess að brátt fengi ég að hitta Ingunni og Helgu en mér fannst líka leiðinlegt að þurfa að kveðja vini mína á Skagaströnd. Ég vissi samt að ég ætti eftir að hitta þá aftur því ég kem alltaf öðru hvoru í heimsókn til ömmu og afa.

Það var fimmtudagur og pabbi ætlaði að koma norður á morgun og síðan ætluðum við öll þrjú að fara suður á sunnudaginn. Veðrið var mjög gott og sólin skein skært. Ég fór út í góða veðrið og labbaði í áttina að Spákonufellinu og kom þá að gömlum grasrústum. Ég lagðist niður hjá rústunum og horfði upp í heiðan himininn.

„Það er alveg ótrúlegt hvað tíminn er alltaf fljótur að líða þegar eitthvað skemmtilegt er að gerast,“ hugsaði ég. Ég var að rifja upp það sem ég hafði gert á meðan ég var hjá ömmu og afa en við þessar hugsanir sofnaði ég. Mig fór að dreyma. Ég sat í grasinu og horfði upp að Spákonufellið. Efst upp á fjallinu var klettaborg sem kölluð er Borgarhaus og þar fannst mér allt í einu eins og eitthvað hreyfðist.

„Hvað er þetta eiginlega,“ hugsaði ég. Sem betur fer var ég með kíkí sem afi gaf mér og ég tók hann til þess að skoða þetta fyrirbæri betur. Það var kona þarna sem sat á Borgarhausnum og það var eins og hún væri að greiða á sér hárið?

„Hvaða kona er þetta eiginlega?“ „Hvaðan kemur hún?“ „Hún er í svo sérkennilegum fötum.“ Á meðan ég var að velta þessum spurningum fyrir mér sá ég að konan á fjallinu stóð upp og strunsaði af stað niður fjallið hrópandi og kallandi eitthvað að mér.

„Hvaða asi er eiginlega á konunni og hvað er hún að hrópa,“ hugsaði ég. Konan kom nær og nær. Mér stóð nú ekki alveg á sama og fann til hræðslu. Eftir því sem konan kom nær heyrði ég betur og betur hvað hún var að hrópa að mér. Reyndar hrópaði hún ekki bara, nei, hún öskraði. „Halló, þú þarna, hvað ert þú eiginlega að gera á minni landareign? Viltu gjöra svo vel og hypja þig strax af henni, stelpuskömm.“ Ég hrökk upp og strauk mér um ennið.

„Hjúkk, sem betur fer var þetta bara draumur en skríttinn var hann.“ hugsaði ég. „Hvaða kona ætli þetta hafi verið? Ætli hún sé til í alvörunni eða hvað?“ Ýmsar hugsanir fóru í gengum huga minn meðan ég gekk heim á leið.

Þegar við vorum að borða kvöldmatinn ákvað ég að segja mömmu, pabba, ömmu og afa frá því sem gerðist um daginn þegar ég sofnaði úti. Þá sögðu amma og afi mér þessa skrítnu sögu.

„Á 10. öldinni stóð bær á þeim þústum sem þú sofnaðir hjá. Þessi bær hét Spákonufell eins og okkar bær heitir. Þarna bjó mjög frek og ráðrík kona sem hét Þórdís. Allar sögur segja að hún hafi verið svo frek að enginn mótmælti neinu sem hún sagði. Ef einhver vogaði sér að mótmæla henni þá komst sá hinn sami í ónáð hjá henni og hún gerði þeim sama allt til miska. Þórdís var talin vera göldrótt en ekki getum við staðfest það. Sagt er að á hverjum degi hafi Þórdís arkað upp á Borgarhausinn og sest þar niður, horft yfir sveitina sína og yfir Húnaflóann á meðan hún var að greiða hár sitt með gullkambi. Þórdís og presturinn á Hofi sem þá var og hét Eiríkur, voru svarnir óvinir. Einn daginn þegar Þórdís var að greiða á sér hárið tekur hún eftir einni rollu á beit þarna rétt fyrir neðan Borgarhausinn í dal sem kallast Leyningsdalur og fljótlega áttar hún sig á því að þessa rollu á Eiríkur prestur á Hofi.“

Ég greip fram í söguna. „Hvað með það þótt þessi rolla hafi verið að bíta gras á fjallinu, ekki átti Þórdís þann stað?“

„Sandra mín, ekki grípa svona fram í fyrir okkur, leyfu okkur að klára söguna,“ sagði afi og svo hélt hann áfram.

„Þegar Þórdís sá að rollan væri eign Eiríks, talaði hún við prest og sagði honum að láta taka Grákollu, en það hét rollan, af landareign sinni. Eiríkur gaf ekki mikið út á það og sagði þá Þórdís að hún myndi ekki bera ábyrð á því hvað koma myndi fyrir rolluna. Nokkrum dögum seinna fannst rollan dauð í dalnum og sást greinilega að einhver hafði hryggbrotið hana svo hún drapst. Önnur saga segir frá því að Þórdís hafi vitað að bráðum kallaði dauðinn á hana. Hún hafði því tekið kistuna sína sem geymdi öll gersemi hennar og auðæfi, farið með hana upp á Spákonufellsborg og sett á klettasyllu framan í hömrinum með lyktilinn í skránni og segir sagan að sú kona sem ekki er skírð í nafni heilagrar þrenningar né hafi fengið kennslu í biblíufræðum myndi geta lokið upp kistunni. Sú kona sem opnað gæti kistuna mætti eiga allar þær eignir sem þar eru. Ekki er vitað hvort allt þetta sé satt og kistan hefur ekki ennþá komið í leitirnar.

Kannski er ekki til sú kona eða stúlka sem aldrei hefur fengið fræðslu í biblíusögum eða skírð í nafni heilagrar þrenningar.“ Afi lauk sögunni með þessum orðum.

„Vá, þvílík frekja í þessari konu,“ hváði ég. „Já, sagði afi, „hún var svo frek og með svo mikinn yfirgang að margir urðu fegnir þegar hún dó.“

Það sem eftir var af matartímanum ræddum við fram og til baka um Þórdísi spákonu. Ég spurði afa þar á meðal um það hvort konan sem maður sæi utan á fjallinu ætti að vera Þórdís? Afi sagði að fólk teldi svo vera. Ég hugsaði mikið og lengi um söguna um Þórdísi spákonu. Afi sagði mér þar á meðal að hægt væri að lesa um Þórdísi í þjóðsögum Jóns Árnasonar. Ég var sko alveg ákveðin í því að skoða þetta allt betur þegar ég kæmi heim til Hafnarfjarðar.

Heimildarskrá sögunnar: Byggðin við ströndina

Þær heimildir sem ég studdist við í sögunni.

Bjarni Guðmarsson. (1989). *Byggðin undir Borginni*. Akureyri: Höfðahreppur

Jón Árnason II. (1954). *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*. Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga

Páll V.G.Kolka. (1950). *Föðurtún*. Akureyri: P.V.G.Kolka

Skagastrond.is. (2003). *Sagan*. Skoðað:16.03.'07 á vefslóðinni:
<http://www.skagastrond.is/sagan.asp>

Tómas Einarsson og Helgi Magnússon. (1989). *Íslands Handbókin*. Bókaútgáfan Örn og Örlygur

Þorsteinn Matthíasson skólastjóri og Stefán Á. Jónsson kennari. (1963). *Húnavaka*. Ungmennasamband Austur-Húnavetninga

Þorsteinn Matthíasson skólastjóri og Stefán Á. Jónsson kennari. (1965). *Húnavaka*. Ungmennasamband Austur-Húnavetninga

Þorsteinn Jósepsson/Steindór Steindórsson. (1980). *Landið þitt Ísland*. Bókaútgáfan Örn og Örlygur.